



**Sjálfsmatsskýrsla**  
**Menntaskólans í Reykjavík**  
**2018–2019**

**Gæðastjóri**

Guðjón Ragnar Jónasson

# Efnisyfirlit

1.	Inngangur .....	1
1.1	Stefnuskrá, markmið og leiðir .....	1
2.	Sjálfsmat .....	5
2.1	Síðastliðin ár .....	5
2.2	Sjálfsmat Menntaskólans í Reykjavík 2018–2019 .....	5
2.2.1	Samantekt jólaprófa .....	5
2.2.2	Kennslukönnun .....	6
2.2.3	Fundir með nemendum.....	10
2.2.4	Starfendarannsókn.....	10
2.2.5	Skólanámskrá.....	11
2.2.6	Umbótaáætlun.....	11
2.3	Annað .....	12
3.	Lokaorð .....	13

## 1. Inngangur

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 ber hverjum skóla að meta skólastarfið með skipulögðum og markvissum hætti. Tilgangurinn með matinu er að stuðla að metnaðarfullri og markvissri framþróun í starfsemi skólans með langtímaávinning að leiðarljósi. Með skólastarfinu er átt við stjórnun skólasamfélagsins, kennslu og aðra þjónustu innan skólans en einnig ytri tengsl við önnur skólastig og nærsamfélagið. Ennfremur er leitast við að gera skólastarfið sýnilegra fyrir foreldra og aðra sem hlut eiga að máli.

Sjálfsmatsskýrslur MR fyrir síðastliðin tíu ár má kynna sér á heimasíðu skólans. Árlega er sett fram skipulögð rammaáætlun um þá þætti skólastarfsins sem metnir verði næstu fimm árin. Kannanir og rannsóknir eru framkvæmdar, niðurstöður greindar, aðgerðir til úrbóta eru lagðar fram og þeim fylgt eftir með aðgerðaáætlun.

Að sjálfsögðu sýnir sjálfsmatsskýrslan aðeins hluta af öllu því starfi sem fer fram innan veggja skólans en árlegt sjálfsmat gerir starfsfólki kleift að sjá svart á hvítu það sem vel er gert og einnig það sem miður fer. Þá er hægt að finna leiðir til úrbóta og gera skólann betri.

Í Menntaskólanum í Reykjavík starfar gæðanefnd skipuð rektor, konrektor, kennslustjóra og fjármálastjóra. Kennslustjóri og gæðastjóri skipuleggja og stýra sjálfsmati skólans.

### 1.1 Stefnuskra, markmið og leiðir

Menntaskólinn kappkostar að undirbúa nemendur fyrir þátttöku í lýðræðislegu samfélagi, efla þroska þeirra og gagnrýna hugsun, umburðarlyndi og víðsýni. Stuðlað er að því að nemendur taki ábyrga afstöðu til jafnréttis, mannréttinda og umhverfismála og einnig er leitast við að gera nemendur meðvitaða um ábyrgð allra á sjálfbærum lifnaðarháttum.

Skólinn er bóknámsskóli og því er aðalmarkmið hans að nemendur séu að loknu stúdentsprófi vel undir það búnir að takast á við háskólanám, hvort heldur sem er innan lands eða utan.

Með markvissri kennslu, miklum en raunsæjum kröfum og öguðum vinnubrögðum leitast skólinn við að gera nemendum ljóst sambandið milli árangurs og erfiðis og í náminu eru þjálfuð jafnt sjálfstæð vinnubrögð sem samvinna.

Menntaskólinn í Reykjavík leggur kapp á að kynna nemendum sínum menningarverðmæti á sviði bókmennta, erlendra tungumála og lista, innlendra jafnt sem erlendra, og leitast við að gera þeim kleift að taka virkan þátt í margvíslegu menningarstarfi. Skólinn leggur áherslu á vísindalæsi nemenda og hefur vel útbúna aðstöðu til verklegrar þjálfunar á því sviði.

Með fræðslu sinni, kröfum og handleiðslu vill skólinn efla þekkingarleit nemenda og gera þá virka og áhugasama um áframhaldandi menntun, um leið og hann leitast við að efla heilbrigða dómgreind og verðmætamat nemenda sinna. Menntaskólinn í Reykjavík leggur einnig áherslu á að nemendur nýti sér þá miklu möguleika sem upplýsingatæknin býður upp á.

Skólinn mun einnig á markvissan hátt leitast við að búa nemendur sína vel undir virka þátttöku í þjóðfélaginu og efla ábyrgðarkennd þeirra gagnvart einstaklingum, fjölskyldu og samfélagi, sem og að kynna fyrir þeim kröfur daglegs lífs og vinnumarkaðarins, atvinnuhætti og samfélagsskipan ásamt fjármálaskyldum, einstaklingsskyldum og réttindum.

Í fjölbreyttu félagsstarfi leitast skólinn við að efla félagsþroska og jafnréttisvitund nemendanna. Þar fá þeir tækifæri til þess að bera margvíslega ábyrgð, taka sjálfstæðar ákvarðanir, vinna saman, uppgötva, þroska, efla og nýta ótal hæfileika, sýna umburðarlyndi og skilning og láta skoðanir sínar í ljós.

Menntaskólinn í Reykjavík leggur áherslu á heilbrigt lífni og vinnur í anda heilsueflandi framhaldsskóla í samvinnu við embætti landlæknis. Markmiðið er að stuðla markvisst að líkamlegu og andlegu heilbrigði nemendanna. Boðið er upp á fræðslu og námskeið til að stuðla að bættri sjálfsmynd en því miður hefur skólinn ekki tök á því að bjóða nemendum upp á hollan og næringarríkan mat í hádeginu þar sem ekkert mótuneyti er fyrir hendi. Af veikum mætti er þó reynt að bjóða upp á takmarkað framboð af hollum mat.

Hlutverk Menntaskólans í Reykjavík, samkvæmt skólasamningi við Mennta- og menningar- málaráðuneytið, er að bjóða upp á bóklegt nám til stúdentsprófs á tveimur námsbrautum, mála- og náttúrufræðibraut. Í samræmi við þann samning hefur skólinn kappkostað að aðstoða nemendur við ástundun náms og hefur tekið virkan þátt í því verkefni að vinna gegn brottfalli. Þar má nefna aukna námsráðgjöf, öflugt starf umsjónarkennara og **framboð**. Þessi viðleitni hefur tekist afar vel og telst brottfall nemenda skólans vera á bilinu 0-1% samkvæmt skilgreiningu Hagstofunnar en í meðfylgjandi töflu kemur fram hversu mjög námsframvinda nemenda skólans hefur batnað á undanförunum árum. Síðastliðið ár kemur afar vel út í þeim efnum:

**Tafla 1: Fjöldi nemenda**

Haust	Innritun	Fjöldi í vorpróf	Fall á prófum	%	Hættu í MR eða féllu á árinu	%
2002	779	757	88	11,60%	110	14,10%
2003	814	785	47	6,00%	76	9,30%
2004	840	826	53	6,40%	67	8,00%
2005	850	825	23	2,80%	48	5,60%
2006	865	852	65	7,60%	78	9,00%
2007	877	861	45	5,20%	61	7,00%
2008	853	845	41	4,90%	49	5,70%
2009	908	891	44	4,90%	58	6,40%
2010	876	863	47	5,40%	60	6,85%
2011	894	863	47	5,40%	78	8,72%
2012	919	910	54	5,90%	63	6,86%
2013	897	867	44	5,07%	74	8,25%
2014	903	877	42	4,79%	68	7,53%
2015	871	851	46	5,41%	66	7,58%
2016	851	836	50	5,98%	65	7,65%
2017	855	834	34	3,72%	55	6,43%
2018	829	768	24	2,9%	37	4,46%
2019	669					

Í upphafi skólaárs 2018-19 voru innritaðir nemendur 829, þar af voru 108, eða 13%, á málabraut og 721, eða 87%, á náttúrufræðibraut. Þetta er svipuð skipting og undanfarin ár. Kynjaskipting er stúlkunum í vil en við skólann voru um 60% nemenda stúlkur og 40% piltar. Í vor var tvöföld útskrift frá Menntaskólanum í Reykjavík. Annars vegar var um að ræða síðasta árganginn sem lauk námi við skólann á fjórum árum og hins vegar fyrsta árganginn sem lauk námi á þremur árum. Alls útskrifuðusts 379 nemendur, 170 úr fjögurra ára námi en 209 úr þriggja ára náminu. Aldrei hafa jafnmargir útskrifast frá MR á einu ári.

Skólaárið 2018–19 eru starfsmenn skólans 99, þar af 83 kennarar, 3 yfirstjórnendur (tveir sinna einnig kennslu), einn fjármálastjóri, tveir námsráðgjafar, ein og hálf staða bókasafnsfræðinga, ein og hálf staða á skrifstofu (annar þeirra er einnig bókasafnsfræðingur), einn umsjónarmaður fasteigna, einn hafði umsjón með viðhaldi til áramóta 2018/19, einn hefur umsjón með mötuneyti, einn hjúkrunarfræðingur (í 70% starfi) og þrír sinna ræstingum. Kynjaskipting er nokkuð jöfn í starfsmannahópnum, 54 konur og 45 karlar.

## 2. Sjálfsmat

### 2.1 Síðastliðin ár


Á síðastliðnum árum hefur sjálfsmat MR verið í stöðugri þróun. Ákveðnir matsþættir fara fram á hverju ári. Þessir þættir eru samantektir á niðurstöðum jólaþróa og rafræn kennslukönnun, sem nær ekki aðeins til kennslu, kennsluhátta og námsefnis, heldur einnig annarra þátta í starfi skólans og eru efnistöð þess hluta könnunarinnar breytileg á milli ára. Skólaárið 2018–2019 sneri hún að líðan, þörfum, starfsanda og samstarfi meðal nemenda.

Þegar rannsóknir þessar voru undirbúnar var stuðst við ákveðið vinnuferli og starfshópar völdu hæfilegar matsspurningar. Sett voru viðmið og gögnin síðan greind og túlkuð. Þess er gætt að litið sé til veikra jafnt sem sterkra hliða í niðurstöðu könnunarinnar. Loks er umbótaáætlun sett fram þar sem þurfa þykir.

### 2.2 Sjálfsmat Menntaskólans í Reykjavík 2018–2019

#### 2.2.1 Samantekt jólaþróa

Niðurstöður jólaþróa voru teknar saman og kynntar á kennarafundi í janúar. Á myndinni hér fyrir neðan má sjá einkunnadreifingu á jólaþrófum 2018.



Niðurstöðurnar gera stjórnendum og kennurum kleift að bera saman bekki í einstökum greinum, greinar hjá einstökum bekkjum og jafnvel bera saman niðurstöður og fall miðað við fyrri ár. Umsjónarkennarar notuðu svo niðurstöður jólaprófa og samantektina þegar þeir tóku einstaklingsviðtöl við umsjónarnemendur sína. Viðtölin eru framkvæmd a.m.k. einu sinni á misseri og á vormisseri er jólaprófsárangur nemenda sérstaklega skoðaður en þá er þeim sem ekki hefur gengið sem skyldi veitt sérstök ráðgjöf og reynt að beina þeim á rétta braut.

Kennarar innan greina hittast reglulega og fara yfir námsaðferðir, námsgögn, próf, ræða árangur einstakra nemenda og finna leiðir til úrbóta. Sem dæmi um úrbætur má nefna aukatíma og stoðtíma í ýmsum greinum auk stoðkerfis fyrir nemendur með lestrarörðugleika, kvíðaröskun og nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku.

### **2.2.2 Kennslukönnun**

Í mars 2019 var gerð kennslukönnun meðal nemenda skólans. Síðastliðin ár hefur könnunin verið gerð rafrænt og var sami háttur hafður á að þessu sinni. Könnunin er viðhorfskönnun og er venjulega í tveimur hlutum. Árið 2019 var fyrri hluti könnunarinnar um kennslu á meðan í seinni hlutanum var spurt um viðhorf nemenda til sálfræðipjónustu sem og líðan þeirra, þarfir, starfsanda og samstarf.

#### **Kennslukönnun I. hluti**

##### **Niðurstöður**

Eftirfarandi töflur sýna svör nemenda við spurningum könnunarinnar. Einnig gáfu nemendur kennurum sínum einkunn á skalanum 1 til 10. Fjöldi þátttakenda í I. hluta könnunarinnar var 473 sem er um 59% svarhlutfall.



**Tafla 2: Niðurstöður kennslukönnunar\***

Samantekt um kennara	5	%	4	%	3	%	2	%	1	%	Ekki	Fjöldi	M	Sf
Hvernig er undirbúningur kennarans fyrir kennslustundir?	2281	64,73	709	20,12	360	10,22	128	3,63	46	1,30	0	3524	4,43	0,91
Hversu vel útskýrir kennarinn námsefnið?	1963	55,74	740	21,01	442	12,55	238	6,76	139	3,94	0	3522	4,18	1,13
Hvernig bregst kennarinn við spurningum um námsefnið?	2285	64,95	616	17,51	390	11,09	136	3,86	91	2,59	0	3518	4,38	1,0
Ertu ánægð(ur) með samskiptin við kennarann?	2096	59,55	690	19,60	443	12,59	183	5,19	108	3,07	0	3520	4,27	1,06
Tekst kennaranum að virkja nemendur í tímum?	1524	43,37	881	25,07	683	19,44	266	7,57	160	4,55	0	3514	3,95	1,16
Tekst kennaranum að halda uppi góðum aga í bekknum?	1697	48,32	912	25,97	609	17,34	187	5,33	107	3,04	0	3512	4,11	1,06
Skráir kennari skyndipróf og stærri verkefni?	2102	59,96	406	11,58	329	9,38	81	2,31	106	3,02	482	3506	4,43	1,8
Birtir kennari einkunnir skyndiprófa og verkefna?	1217	34,84	352	10,08	413	11,82	179	5,12	505	14,46	827	3493	3,6	2,05
Finnst þér vinnuálagið í námsgrein vera hæfilegt?	193	5,5	435	12,4	2465	70,25	146	4,16	34	0,97	236	3509	3,19	1,01
Er heimanám í samræmi við kennslu?	684	19,66	2503	71,93	163	4,68	57	1,64	73	2,09	0	3480	4,05	0,7
Samtals												35098	4,07	
Meðaltal á skalanum 0 til 10													8,15	

\* Einkunnagjöfin er frá ás upp í fimmu sem segir til um ánægju eða óánægju þátttakanda með námsgrein eða kennara skólans. Einkunnaskalinn er eftirfarandi: Mjög gott: fimma; Gott: fjarki; Sæmilegt: þristur; Slæmt: tvistur; Mjög slæmt: ás. *M* stendur fyrir meðaltal og *Sf* fyrir staðalfrávik.

Hér að ofan tala tölurnar sínu máli. Algengasta einkunn er 5 og næstalgengasta einkunn er 4. Nemendur eru ánægðir með viðmót kennara en sá þáttur sem kemur síst út er sá sem snýr að því hvort kennarinn nái að virkja nemendur í tímum. Þetta er svipuð niðurstaða og árin áður. Það veur einnig athygli að fleiri kennarar skrá nú og birta einkunnir stærri verkefna og skyndiprófa á svokallaðan kork á námsnetinu.

Að endingu voru nemendur beðnir að gefa kennurum sínum einkunn á bilinu 1–10. Fjöldi einkunna undir þessum lið var 3544. Meðaleinkunn var 8,23 með staðalfrávik upp á 2,09. Um 57 prósent einkunna undir þessum lið voru á bilinu 9 til 10.

Þess skal getið að öllum kennurum var síðan boðið upp á einstaklingsviðtöl hjá rektor þar sem m.a. voru ræddar niðurstöður kennslukönnunarinnar.

## Kennslukönnun II. hluti

Seinni hluti kennslukönnunar sneri eins og fyrr segir að viðhorfi nemenda til sálfræðipjónustu og samspili skóla, íþróttar og annars starfs.

### a) Líðan, þarfir, starfsandi og samstarf

Lögð var fyrir könnun þar sem spurt var um líðan, þarfir, starfsanda og samstarf meðal nemenda. Um 286 nemendur svöruðu, eða um 35,5 prósent.

Fyrst var spurt um heimanám en spurningunni svöruðu 217 nemendur en svörin gefur að líta í töflunni hér fyrir neðan

**Tafla 3: Hversu margar klst. á dag vinnur þú við heimanám\***

	5	%	4	%	3	%	2	%	1	%	Fjöldi	M	Sf
Hversu margar klst. á dag vinnur þú við heimanám?	48	22,12	61	28,11	41	18,89	48	22,12	19	8,76	217	3,33	1,7

\* Einkunnagjöfin er frá ás upp í fimmu.

Einkunnaskalin er eftirfarandi: 1–1½ klst.: fimma; 1½–2 klst.: fjarki; 2½–3 klst.: þristur; 3–4 klst.: tvistur; Meira en 4 klst. á dag: ás; M stendur fyrir meðaltal og Sf fyrir staðalfrávik.

Einnig var spurt um magn heimanámsins en þeirri spurningu svöruðu 283 nemendur og staðalfrávik var 0,75. Fjöldi nemenda sem taldi að heimanámið væri hæfilegt var 100, eða 35,33 prósent, á meðan 130 nemendur, eða 45,94 prósent, töldu heimanámið frekar mikið. Þeir nemendur sem töldu heimanámið of mikið voru 48, eða 16,96 prósent. Einungis fimm nemendur, eða 1,77 prósent, töldu heimanámið frekar lítið eða of lítið.

**Tafla 4: Líðan og námsgengi í skóla\***

	5	%	4	%	3	%	2	%	1	%	Fjöldi	M	Sf
A) Hvernig líður þér almennt í skólanum?	96	33,8	112	39,44	62	21,83	11	3,87	3	1,06	284	4,01	0,9
B) Hvernig hefur þér gengið í náminu?	69	24,38	93	32,86	86	30,39	30	10,6	5	1,77	283	3,67	1,01

\* Einkunnagjöfin er frá ás og upp í fimmu.

Einkunnaskalin er eftirfarandi: Mjög vel: Fimm; Vel: Fjarki; Sæmilega: Þristur; Frekar illa: Tvistur; Illa: Ás. M stendur fyrir meðaltal og Sf fyrir staðalfrávik.

Nemendum virðist líða vel í Menntaskólanum í Reykjavík. Líðan nemenda kemur betur út en upplifun nemenda á námsgengi sínu.. Þó telur ríflega helmingur nemenda að þeim gangi annað hvort vel eða mjög vel í náminu.

**Tafla 5: Viðmót starfsfólks og kennara MR\***

	5	%	4	%	3	%	2	%	1	%	Svara ekki	%	Fjöldi	M	Sf
Hvernig hefur þér almennt fundist viðmót starfsfólks og kennara?	96	33,93	137	48,41	44	15,55	4	1,41	1	0,35	1	0,35	283	4,15	0,79
Starfsmanna skrifstofu?	114	40,28	112	39,58	38	13,43	5	1,76	2	0,71	12	4,24	283	4,22	1,16
Stjórnenda?	87	30,74	112	39,58	46	16,26	10	3,53	7	2,47	21	7,42	283	4	1,39
Námsráðgjafa?	107	38,08	75	26,69	28	9,96	8	2,84	6	2,14	57	20,29	281	4,2	1,9
Umsjónarkennara?	184	65,02	65	22,97	25	8,83	4	1,41	2	0,71	3	1,06	283	4,52	0,9
Kennara?	91	32,27	149	52,84	36	12,76	4	1,42	0	0	2	0,71	282	4,17	0,78
Hjúkrunarfræðingur?	71	25,17	58	20,56	16	5,67	0	0	0	0	137	48,58	282	4,38	2,25
Bókasafnsfræðingur?	120	42,25	68	23,94	25	8,8	2	0,71	2	0,71	67	23,59	284	4,39	1,99

\* Einkunnagjöfin er frá ás og upp í fimmu.

Einkunnaskalinn er eftirfandi: mjög vel: fimm; vel: fjarki; sæmilega: þristur; frekar illa: Tvistur; illa: ás.  
M stendur fyrir meðaltal og Sf fyrir staðalfrávik.

Samkvæmt því sem lesa má í töflunni hér eru nemendur MR ánægðir með samskiptin við starfsmenn skólans. Athygli vekur hversu mikils trausts umsjónarkennarar njóta. Um 65 prósent nemenda telja viðmót umsjónarkennara mjög gott og tæp 23 prósent telja það gott. Segja má því að rétt innan við 90 prósent nemenda láti vel af samskiptunum við umsjónarkennarann.

#### b) Viðhorf til sálfræðiþjónustu

Þátttakendur í könnun þessari voru 337, eða um 42 prósent nemenda. Fyrsta spurningin laut að kyni en mun fleiri stúlkur tóku þátt, þær voru 213, eða um 63 prósent þátttakenda, á meðan strákar voru 124. Einnig var spurt hvort þátttakendur væru orðnir 18 ára og hefðu því náð sjálfræðisaldri. Tæp 57 prósent þeirra sem þátt tóku, eða 191 nemandi, voru orðnir 18 ára meðan 146 þeirra höfðu ekki náð sjálfræðisaldri.

Nemendur voru í upphafi spurðir hvort þeir vildu fara til sálfræðings og svaraði ríflega helmingur nemenda, eða 174, játandi, 55, eða 16,32 prósent, svöruðu neitandi og 108, eða

32,04 prósent, voru óviss og merktu við „kannski“. Því næst voru nemendur spurðir hvort þeir hefðu nýtt sér sálfræðiþjónustu í gegnum internetið, 10 nemendur, eða tæp 3 prósent, svöruðu játandi en mikill meirihluti, eða 97,03 prósent, hafði ekki nýtt sér sálfræðing í gegnum netið. Því næst voru nemendur spurðir hvort þeir hefðu áhuga að nýta sér sálfræðiþjónustu í gegnum internetið; já sögðu 131, eða 39,22 prósent, en 60,78 prósent höfðu ekki áhuga á netþjónustu sálfræðings.

Undir lokin voru nemendur spurðir hvort í boði væri að fara í viðtöl hjá sálfræðingi í skólanum. Meirihluti nemenda, eða 63,2 prósent, vissi ekki hvort slík þjónusta væri í skólanum. Um 27,6 prósent svöruðu því til að slík þjónusta væri ekki til staðar í skólanum en 9,2 prósent sögðu að sálfræðiþjónustu væri hægt að fá í skólanum. Að endingu var spurt hvort líklegra væri að nemendur myndu nýta sér ókeypis viðtalstíma hjá sálfræðingi ef tímarnir færu fram innan skólans eða þá á heilsugæslustöð. Tæp 39 prósent nemenda vildu frekar sækja sér sálfræðiþjónustu á heilsugæslustöð en meirihlutinn, eða 61,2 prósent, vildi frekar sækja sálfræðiþjónustuna innan veggja skólans.

Nemendur eru samkvæmt þessari könnun jákvæðir í garð sálfræðiþjónustu. Þó má nefna að færri tóku þátt í þessari könnun en í kennslukönnuninni og sennilega eru þeir nemendur sem þekkja sálfræðiþjónustu líklegri en aðrir til að taka þátt í könnun um þjónustuna. Athygli vekur þó að meirihluti nemenda veit ekki hvort sálfræðiþjónustu sé að fá innan veggja skólans. Margir nemendur virðast því lítið þekkja til stoðþjónustu skólans, ef til vill gera nemendur ekki í öllum tilvikum greinarmun á sálfræðingi og námsráðgjafa.

### **2.2.3 Fundir með nemendum**

Í lögum um framhaldsskóla er kveðið á um að haldnir séu opnir fundir með nemendum og stjórnendum. Í aðgerðaáætlun 2018–2019 sagði að halda ætti opna fundi með nemendum. Stjórnendur hittu alla 38 bekki skólans. Rektor sat alla fundina og með henni voru annað hvort konrektor eða kennslustjóri. Margt gagnlegt kom fram á þessum fundum og skráðu stjórnendur sýn nemenda en þeim gafst kostur á að koma með tillögur að úrbótum og nýjar hugmyndir. Það var mat bæði nemenda og stjórnenda að fundir þessir hefðu verið gagnlegir, umræðan var góð og uppbyggileg og mun án efa nýtast stjórnendum í framtíðinni við stefnumörkun.

#### 2.2.4 Starfendarannsókn

Á vorönn 2019 kynnti gæðastjóri fyrir hópi kennara hugmyndir um átak í starfendarannsóknum. Gæðastjóri vann starfendarannsókn ásamt tveimur öðrum kennurum. Reynt var að fá fleiri kennara í hópinn. Aðstæður í skólanum voru um margt sérstæðar skólaárið 2018–2019, mikið álag var á starfsfólki þar sem tveir bekkir voru að útskrifast frá skólanum og breytingar á námsskipan til stúdentsprófs úr fjórum árum í þrjú útheimti mikla vinnu. Því gekk erfiðlega að fá fólk í starfendarannsóknir. Það er von okkar sem vinnum að gæðamálum Menntaskólans í Reykjavík að betur gangi að fá fólk til að rýna í starfshætti sína skólaárið 2019–2020 enda aðstæður þá breyttar.

#### 2.2.5 Skólanámskrá

Ný skólanámskrá tók gildi við skólann haustið 2016 og er nú framhaldsskólamenntun þrjú ár í stað fjögurra. Námsbrautalýsing fyrir nýtt námskerfi hefur hlotið staðfestingu frá ráðuneytinu og er nú unnið samkvæmt henni. Þetta skólaár var síðasta árið sem unnið var er eftir eldri námsbrautalýsingu því síðustu nemendur í fjögurra ára kerfinu útskrifuðust vorið 2019.

Samkvæmt sjálfsmatsáætlun átti að vinna endurskoðun á námsskrá og námsframboði skólans skólaárið 2020–2021. Í framhaldi af umræðum um álag á nemendur var ákveðið að fækka einingum úr rúmlega 220 niður í 208-216 einingar en heildarfjöldi eininga er breytilegur milli brauta. Eftir breytingar þessar eru einingarnar flestar á Eðlisfræðibraut I, eða 216. Fæstar eru einingarnar á Nýmábraut II, eða 208. Við þessa vinnu var leitast við að halda í sérhæfingu hvernar brautar. Skipuð var nefnd fimm kennara sem komu með tillögur um breytingar á námsskipan en tillögur nefndarinnar voru síðan ræddar í deildum skólans og töluverð umræða fór fram. Að lokum lagði rektor fram endanlegar tillögur um breytingar sem byggðu á vinnu áður nefndrar nefndar og umræðu þeirri sem fór fram innan allra deilda skólans.

#### 2.2.6 Umbótaáætlun

1. Í viðhorfshluta kennslukönnunar, sem fjallar einkum um kennslustundir og heimanám, kemur fram að flest atriðin sem spurt er um hafa fengið jákvætt mat nemenda, eða svipað og fyrir ári síðan, og einnig fengu kennarar góða einkunn frá nemendum en meðaltal einkunna var **8,23** sem er svipað og í fyrra en þá var hún **8,26**.

2. Í viðhorfshluta kennslukönnunar kemur fram að notkun á námsneti, þ.e.a.s. skráning skyndiprófa og stærri verkefna á Korkinn á námsnetinu hefur aukist ögn. Sama gildir um birtingu einkunna fyrir skyndipróf og stærri verkefni á námsneti. Á umliðnum árum hefur notkun námsnetsins aukist. Auka þarf notkun á netinu en jafnframt þarf að ræða kosti þess og galla og velta upp þeirri spurningu hvort annað námsumsjónarkerfi henti skólanum betur. Þessi umræða er hafin í hópi kennara og hana þarf að leiða til lykta.

3. Í könnuninni um líðan, þarfir, starfsanda og samstarf kemur skýrt fram að álag á heimanám er allnokkuð. Líkt og skólaárið 2017–2018 var á þessu skólaári reynt að draga úr heimavinnu nemenda og færa hana inn í skólastofuna.

### Aðgerðaáætlun frá 2018-2019

Atriði sem þarf að laga	Ábyrgð	Hvenær?	Hvernig?	Hvernig tókst að fylgja áætlun?
1. Kennarar setji einkunnir á námsnetið, sem og skiladaga prófa og verkefna.	Gæðanefndin og gæðastjóri	Haust 2018 og vor 2019	Halda fund með fagstjórum allra deilda og senda póst á alla kennara að hausti og í byrjun vors.	Haldinn var fundur með fagstjórum allra deilda og sendur póstur á alla kennara að hausti og í byrjun vors.
2. Halda mánaðarlega kennarafundi og reglulega fundi í deildum.	Gæðanefndin	Haust 2018 og vor 2019	Gæðanefndin setur fram fundaáætlun að hausti.	Haldnir voru kennarafundir á mánaðarlega og fundir í deildum voru haldnir reglulega.
3. Gera könnun um álag á nemendum sem aðgreind verður eftir árgöngum.	Gæðanefndin og gæðastjóri	Haust 2018 og vor 2019	Gæðastjóri, námsráðgjafar og hjúkrunarfræðingur gera könnun sem lögð verður fyrir kennara vor 2019.	Gerðar voru smærri kannanir og reynt var að meta álag með eigindlegum viðtölum. Einkum var horft til álags á nemendum sem voru að ljúka námi eftir nýju námsskipulagi.
4. Gera könnun á stjórnun skólans, ráðstöfun auðlinda og tengslum, t.a.m. við önnur skólastig og nærumhverfi.	Gæðanefndin og gæðastjóri	Haust 2018 og vor 2019	Gæðanefndin og gæðastjóri útbúa spurningalista.	Þessum þáttum var frestað til skólaársins 2019–2020.
5. Hvetja til starfendarannsóknna.	Gæðanefndin og gæðastjóri	Haust 2018 og vor 2019	Halda fund með fagstjórum allra deilda og senda póst á alla kennara að hausti og í byrjun vors.	Haldinn var fundur með fagstjórum allra deilda og sendur póstur á alla kennara að hausti og í byrjun vors.
6. Opnir fundir með nemendum. Stjórnendur sitja fyrir svörum og nemendum gefst kostur á að koma með tillögur að úrbótum og nýjar hugmyndir.	Gæðanefndin	Haust 2018	Gæðanefndin setur fram áætlun um fundi.	Stjórnendur héldu fundi með öllum bekkjum, sjá nánar hér að framan.

## 2.3 Annað

### 1. Starfsmannahandbók

Starfsmannahandbók MR var yfirfarin og birt á netinu óbreytt þetta ár.

## 3. Lokaorð

Lögum samkvæmt ber framhaldsskólum að skipuleggja árlegar rannsóknir á skólastarfinu í þeirri viðleitni að gera skólastarfið eins gott og mögulegt er á öllum sviðum þess. Sjálfsmatið sem er formlegt og altækt hefur stöðugt vaxið að umfangi í Menntaskólanum í Reykjavík. Reynt er að rannsaka sem flesta þætti skólastarfsins með það fyrir augum að gera umbætur þar sem þess telst þörf til að árangur af starfi MR verði sem heilladrýgstur fyrir alla starfsmenn og nemendur skólans.

Töluverð umræða spannst í hópi stjórnenda um mikilvægi þess að kanna sem flesta þætti er lúta að námi og kennslu í Menntaskólanum í Reykjavík. Það er skoðun þeirra sem stýra skólanum að mikilvægt sé að gera árlegar kannarar á námi og kennslu sem og námsálagi og líðan nemenda. Þessar umræður urðu til þess að ákveðnum þáttum sjálfsmatáætlunarinnar var frestað til skólaársins 2019–2020. Mikil vinna fór í endurskoðun á námsskrá skólans og í framhaldinu var ákveðið að setja fram nýja sjálfsmatsáætlun haustið 2019 sem gilda á fyrir næstu þrjú árin.

Við gerð og undirbúning sjálfsmatsins er fylgt ákveðnu ferli þar sem mynduð eru starfsteymi sem setja fram matsspurningar og ákveða viðmið. Loks eftir greiningu gagna er umbótaáætlun gerð og hrundið í framkvæmd. Starfsmenn eru hvattir til að taka þátt í gæðamatinu, með eigindlegum og megindlegum rannsóknum. Með sjálfsmati eru tækifæri til að bæta eigið starf og árangur nemenda í samræmi við skólanámsskrá Menntaskólans í Reykjavík, öllum til hagsbóta.